



Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Fyrirspurn um hlutfall barna í 1.-4. bekk sem nýta frístundastyrk upp í greiðslu fyrir dvöl á frístundaheimili

Þann 21. ágúst 2019 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um hlutfall barna í 1.-4. bekk sem nýta frístundastyrk upp í greiðslu fyrir dvöl á frístundaheimili:

Hvert er hlutfall barna í 1.-4. bekk í Reykjavík sem nota frístundastyrk upp í greiðslu fyrir dvöl þeirra á frístundarheimili? Hversu mörg af þeim börnum eru börn foreldra sem þiggja fjárhagsaðstoð af einhverju tagi. Hversu mörg af þeim börnum eru af erlendu bergi brotin? Á tímabilinu janúar-maí 2018 voru börn þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu samtals 489 eða tæplega 2% af öllum börnum 17 ára og yngri í Reykjavík. Langflest eða 153 búa í Breiðholti. Fjöldi barna per foreldra með fjárhagsaðstoð af einhverju tagi hjá velferðarsviði Reykjavíkur er 784, flest í Breiðholti. Í reglum um frístundarkort segir m.a. að dæmi um starfsemi sem telst styrkhæf er starfsemi á vegum íþrótt- og æskulýðsfélaga, nám við tónlistarskóla, dansskóla, myndlistarskóla, frístundaheimili á vegum Reykjavíkurborgar“ Ástæða fyrirspurnanna er að borgarfulltrúi Flokks fólksins óttast að fátækir og efnaminni foreldrar neyðist til að láta frístundarkortið upp í gjald frístundarheimilis. Þar af leiðandi geta börnin ekki notað kortið til þátttöku í hinum ýmsu íþrótt- og tómstundanámskeiðum. Sé þetta raunin þá er frístundakortið ekki að ná tilætluðu markmið hvað varðar þessi börn sem er „að öll börn og unglingar í Reykjavík 6 - 18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótt-, lista- og tómstundastarfsemi.“

Svar:

Haustið 2018 voru 6.298 börn í 1.-4. bekk. Frístundastyrkur var nýttur upp í greiðslu fyrir dvöl 1.503 barna á frístundaheimili eða 23,9% þeirra. Þar af eru 82 börn sem eiga foreldra sem þiggja fjárhagsaðstoð af einhverju tagi og 12 börn foreldra með erlent

ríkisfang, en upplýsingar um fjölda barna sem eru af erlendu bergi brotin eru ekki til staðar nema í formi ríkisfangs.

Þeir sem uppfylla skilyrði um fjárhagsaðstoð geta fengið styrk, á grundvelli 16. gr.a reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, fyrir greiðslu á frístundaheimili.

Fylgiskjal: